



11. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu miðvikudaginn 29. október 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti þakkaði fyrir námskeiðið í gær en sveitarstjórnarmenn fóru á námskeið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Oddviti dreifði gögnum til þeirra sem ekki komust á námskeiðið.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 2. fundar Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar dags. 23. október 2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð 13. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 12. september 2014**
Lögð fram til kynningar
- 3. Fundargerð 14. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 7. október 2014**
Lögð fram til kynningar
- 4. Fundargerð 20. og 21. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.**
Lagðar fram til kynningar
- 5. Fundargerð 9. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla**
Lögð fram til kynningar
- 6. Fundargerð 37. og 38. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara.**
Lagðar fram til kynningar
- 7. Fundargerð 368. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 3. október 2014**
Lögð fram til kynningar



8. Bréf til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins– Sérreglur Langanesbyggðar vegna byggðarkvóta fiskveiðisins 2014/2015

Með vísan til 2. gr. reglugerðar 652/2014 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2014/2015 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Gerð verði breyting á 6. gr. reglugerðarinnar.

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn. Nánari rökstuðningur fylgir með í bréfinu.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki ofangreinda bókun og að framlagt bréf verði sent á ráðuneytið þann 30. október 2014. Samþykkt samhljóða.

9. Vatnsveita Þórshafnar – „Valkostir til að auka afköst“ skýrsla sem unnin var 2013.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

10. Erindi frá íbúasamtökum Bakkafjarðar – Gamla bryggjan á Bakkafirði

Lagt til að vísa erindinu til Atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar. Samþykkt samhljóða.

11. Styrkbeiðni frá björgunarsveitinni Hafliða

Ásberg lýsti yfir vanhæfi sínu undir þessum lið. Borið undir fundarmenn og samþykkt samhljóða.

Lagt til að málinu verði vísað til vinnu við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

12. Samstarfssamningur við Þekkingarnet Þingeyinga

Lögð fram drög að samstarfssamningi. Samningur þessi snýst um vinnuframlag Þekkingarnets Þingeyinga (ÞP) fyrir verkefni á vegum og í samstarfi við Langanesbyggð (LNB) gegn föstu fjárframlagi sem tekur mið af kostnaði við laun og launatengd gjöld í ákveðnu starfshlutfalli.

Þekkingarnet Þingeyinga sinni eftirfarandi verkefnum fyrir Langanesbyggð og í samstarfi við sveitarfélagið:

Gerð styrkumsókna, utanumhald og eftirfylgni fyrir verkefni á vegum sveitarfélagsins er tengjast ferða- og menningarmálum. Einnig skal horft til verkefna er styðja við nýsköpun í samfélaginu.

Upplýsingavinna fyrir markaðsfyrirtæki er vinna að ferðaþjónustumálum s.s. Markaðsstofu Norðurlands.



Upplýsingavinna og almenn ráðgjöf við tilfallandi verkefni hjá sveitarfélaginu.
Almenn uppfærsla á heimasíðu og facebooksíðu sveitarfélagsins.

Öll verkefnin eru unnin í samráði við sveitarstjóra Langanesbyggð
Lagt til að drög að samningi verði send á Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefnd til umfjöllunar og verði vísað til vinnu við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

13. Uppgjör janúar - ágúst 2014

Uppgjör janúar-ágúst 2014 liggur fyrir. Hægt er að segja að rekstur sveitarfélagsins sé áþekkur og á sama tíma í fyrra en stenst ekki áætlun 2014.

14. Útkomuspá 2014

Lögð fram til kynningar. Starfsfólk skrifstofu hefur unnin þessa útkomuspá og hefur hún verið yfirfarin af endurskoðendum sveitarfélagsins. Útkomuspá er einungis spá um niðurstöðu í lok ársins en hún gerir ráð fyrir rúmum 16,3 milljón kr halla á rekstri sveitarfélagsins árið 2014.

15. Fjárhagsáætlun 2015 – fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2015 byggir á útkomuspá 2014. Þar er búið að gera ráð fyrir launahækkunum á næsta ári samkvæmt þeim forsendum sem við höfum úr kjarasamningum. Gert er ráð fyrir skatttekjum samkvæmt áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Áætlanir um tekjur jöfnunarsjóðs og fasteignargjöld næsta árs eru byggðar á tölum 2014. Settar verða inn endurskoðaðar tölur þegar þær liggja fyrir. Aðrar tekjur og gjöld eru hækkuð um 3%. Miðað við þessar forsendur er ljóst að hagræða þarf í A-hluta sveitasjóðs og verður það unnið á næstu vikum í samráði við deildarstjóra.

Endanlega áætlun verður síðan yfirfarin af endurskoðendum sveitarfélagsins. Áætlun borin upp til samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2015 og vísar henni til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

16. Fjárhagsáætlun 2016-2018 – fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2016-2018 byggir á fjárhagsáætlun 2015 og verða síðar uppfærðar af endurskoðendum miðað við áætlaðar vísitöluhækkanir.

Endanlega áætlun 2016-2018 verður síðan yfirfarin af endurskoðendum sveitarfélagsins.

Áætlun borin upp til samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2016-2018 og vísar henni til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

17. Skýrsla sveitarstjóra

- a. **Urðun í Langnesbyggð.** Sveitarstjóri og oddviti funduðu með íbúasamtökum Bakkafjarðar. Minnisblað af fundinum var sent út með fundargögnum.
- b. **Fundur með fjárlaganefnd.** Sveitarstjóri og oddviti áttu stuttan fund með fjárlaganefnd Alþingis í fjarfundi þann 17. október sl. Þar var komið á framfæri helstu áherslumálum sveitarfélagsins. Af hálfu Langanesbyggðar var lögð rík áhersla á það að megin hlutverk ríkisins er að sjá landinu öllu fyrir innviðum s.s. góðum samgöngum í víðum skilningi og grunnþjónustu.



LANGANESBYGGÐ

- c. **Viðgerð á höfninni á Þórshöfn.** Starfsmaður vegagerðarinnar er búinn að koma og verður farið í að gera við höfnina innan skamms tíma.
- d. **Sauðanesnefnd.** Sveitarstjóri ræddi stöðu Sauðaneshúss og starfseminnar þar. Sveitarstjórn ræddi um að fá að vinna málið áfram með Sauðanesnefndinni.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:03